

REGLUGERÐ

22

18. febr.

um greiðslu barnalífeyris, þegar tekjur lífeyrisþega hafa náð ákveðnu hámarki.

1. gr.

Verulegar tekjur lífeyrisþega og/eða maka, samkvæmt 21. gr., ber að telja upphæð, sem samsvarar þreföldum hjónalífeyri, að viðbættum þreföldum barnalífeyri, miðað við hjón og 3 börn, og skal eigi greiða barnalífeyri, þegar tekjur eða samanlagðar tekjur og lífeyrisgreiðslur hafa náð því marki. Séu börnin fleiri en 3 skal greiða fjölskyldubætur með þeim börnum, umfram 3, sem ekki njóta barnalífeyris samkvæmt 1. málslið.

2. gr.

Nú fara tekjur gifts lífeyrisþega og/eða maka fram úr upphæð, sem samsvarar þreföldum hjónalífeyri, og skal þá skerða barnalífeyrisgreiðslur til hans sem hér segir:

Þegar um eitt barn er að ræða, lækkar lífeyrinn um helming ($\frac{1}{2}$) þess, sem umframtekjurnar nema, séu börnin tvö, nemur lækkunin þrem fjórðu ($\frac{3}{4}$) hlutum, en séu þau þrjú, nemur lækkunin jafnmiklu og umframtekjurnar.

3. gr.

Lífeyrisgreiðslur vegna barna ekkna og ógiftra lífeyrisþega, sem hafa tekjur umfram þrefalda lífeyrisupphæð einstaklinga samkv. 15. gr., að viðbættum hálfum barnalífeyri samkv. 20. gr., skal takmarka sem hér segir:

Þegar tekjur framfærenda fara fram úr tóðu hámarki, skal lækka barnalífeyrisgreiðslur þannig, að lífeyrinn falli niður þegar umframtekjur hafa náð upphæð, sem samsvarar þreföldum barnalífeyri samkv. 20. gr., þegar um eitt barn er að ræða, ferföldum, ef þau eru 2, og fimmföldum, ef þau eru 3. Séu börnin fleiri, skal, þegar samanlagðar tekjur og lífeyrir hafa náð framansögðu marki, aðeins greiða upphæð sem samsvarar fjölskyldubótum með þeim börnum, sem umfram eru og ekki njóta barnalífeyris samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, þó þannig að jafnan greiðist óskertur barnalífeyrir, ef tekjur framfærenda ná eigi þrefaldri lífeyrisupphæð einstaklings. Tryggingaráð setur nánari reglur um skerðingu.

4. gr.

Lífeyrir munaðarlausra barna, er hafa sjálfstæðar tekjur, sem fara fram úr lífeyrisupphæð einstaklinga samkv. 15. gr., skal lækka um helming þess, sem umframtekjurnar nema. Lífeyrir annarra barna, er hafa sjálfstæðar tekjur, sem fara fram úr barnalífeyri samkv. 20. gr. laganna, skal lækka um helming þess, sem tekjurnar fara fram úr þeirri upphæð.

5. gr.

Lífeyrisþegi telst í reglugerð þessari hver sá, sem vegna aldurs eða örorku uppfyllir skilyrði II. kafla laganna til að njóta lífeyris, þótt lífeyrisgreiðslur til hans sjálfs falli niður vegna ákvæða 63. gr. eða 1. bráðabirgðaákvæðis laganna.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. bráðabirgðarákvæði í lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og gildir til 31. desember 1947.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.